

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Skólastjórafélags Íslands**

39. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn mánudaginn 15. febrúar 2021. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 14:30.

Fundinn sátu f.h. Sí, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson og Arnbjörg Stefánsdóttir. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Á að meta til kennslustörf til kennsluferils vegna starfa kennara við símenntunarmiðstöð?**

Sí lagði fram erindi og staðfest gögn vinnuveitanda þar sem fram kemur að kennari sem nú hefur tekið við starfi skólastjóra starfaði við kennslu hjá símenntunarmiðstöð á tímabilinu 1. ágúst 2011 til 31. júlí 2018. Á umræddu tímabili kenndi hann að jafnaði í 60 % starfi áfanga sem skilgreindir eru og viðurkenndir sem áfangar á framhaldsskólastigi.

**Niðurstaða:**

Skilyrði þess að störf við kennslu í símenntunarmiðstöð séu metin til kennsluferils er að starfið hafi falist í kennslu sem fram fer fram samkvæmt aðalnámskrá, lögum og reglugerðum sem gilda um leik- grunn-, tónlistar-, framhalds- eða háskóla.

Störf viðkomandi stjórnanda skal meta til 7 ára kennsluferils.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15:00